

A 1814/kultur

Afgreiðsla Norræna þekkingar- og menningarnefndin

Nefndarálit norrænu þekkingar- og menningarnefndarinnar um
**þingmannatillögu um að auka færni norrænna fjölmiðla í
rannsóknarblaðamennsku**

Tillaga

Norræna þekkingar- og menningarnefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að hún beiti sér fyrir því að rannsóknarblaðamenskumiðstöðin Senter for Undersøkende journalistikk við Björgvinjarháskóla verði gerð að Norrænni rannsóknarblaðamenskumiðstöð sem getur, í félagi við stofnanir í öðrum norrænum ríkjum, svo sem Norrænu blaðamannamiðstöðina í Árósum (NJC) og blaðamenskudeildina við Gautaborgarháskóla, efnt til svæðisbundinna vinnustofa um ritstjórn verkefna á grunni rannsóknarblaðamennsku, skiptináms og meistaranáms í rannsóknarblaðamennsku

Bakgrunnur

Fjölmiðlar eru forsenda heilbrigðs lýðræðis. Fjölmiðlar móta skilning okkar á veruleikanum, eru vettvangur umræðu og skoðanaskipta, hafa pólitískt dagskrárvald og eftirlit með stjórnendum og þeim sem fara með völd í samfélaginu.

Meðal helstu styrkleika Norðurlandþjóða, á tímum þegar lýðræði og tjáningarfrelsi eiga undir högg að sækja í sumum löndum, eru mikið traust, öflugar og rótgrónar lýðræðislegar stofnanir, rúmt fjölmiðlafrelsi og hefð fyrir að ríkisvaldið taki ábyrgð á að búa í haginn fyrir opinbera umræðu.

Í baráttunni gegn stafrænum bergmálshellum, sterkum alþjóðarisum sem í síauknum mæli leggja línuna í opinberri umræðu og tvístrun almennings, er mikilvægt að halda uppi fjölbreyttu fjölmiðlaumhverfi og efla rannsóknarblaðamennsku. Slík blaðamennska er bæði fjár- og mannfrek en hún er samfélaginu mikilvæg og lykilatriði fyrir að upplýsingum sé miðlað um það sem aflaga fer. Mesti skjalaleki sögunnar, Panamaskjöldin árið 2016, var afrakstur alþjóðlegs samstarfs hundruða fjölmiðlaútgefenda. Fréttamiðlar standa mjög misjafnlega að vígi hvað varðar möguleika til að leggja út í kostnaðarsama fréttaoöflun.

Sú hæfni sem helst er skortur á en minnst rækt lögð við á norrænum ritstjórnnum og fréttastofum er ritstjórn verkefna á grunni rannsóknarblaðamennsku. Miðlarnir hafa á



að skipa mörgum hæfum fréttá- og blaðamönnum en fréttá- og þáttastjórar nýta krafta þeirra að mestu leyti til að flytja daglegar fréttir. Rannsóknarverkefni á fjölmiðlum krefjast úrræða og færni sem eru frábrugðin daglegri fréttáöflun. Það eru einkum stóru fréttaveiturnar sem hafa nægan mannafla og úrræði til að stunda rannsóknarblaðamennsku.

Til að takast á við þessar áskoranir hafa þrjár fjölmiðlastofnanir hafið samstarf til að efla norræna rannsóknarblaðamennsku og lagt er til að þær stofni Norræna miðstöð fyrir rannsóknarblaðamennsku sem verði fjármögnuð af Norrænu ráðherranefndinni meðan á fjögurra ára uppbyggingarskeiði stendur. Markmiðið er einkum að auka möguleika svæðisbundinna fréttaveitna til að stunda rannsóknarblaðamennsku.

Stofnanirnar þrjár eru Senter for undersøkende journalistikk, við háskólann í Björgvin, Institutionen för journalistik, medier och kommunikation (JMG) við háskólann í Gautaborg og Nordisk Journalistcenter (NJC) í Árósum. Allar þessar stofnanir sinna nú þegar, hver í sínu lagi, menntun, rannsóknum og tengslamyndun á sviði rannsóknarblaðamennsku.

Þessum þremur stofnunum er ljóst að það er lykilatriði fyrir þróun starfseminnar að vinna saman á norrænum vettvangi og að skiptast á og byggja upp þekkingu á sviði rannsóknarblaðamennsku. Miðstöðin gæti einnig stuðlað að miðlun þekkingar milli stærri og minni fjölmiðla og um leið eftir nýsköpun og þróun aðferða í geiranum sem heild.

Hér fara á eftir drög að verkefnum miðstöðvarinnar:

- Símenntun í rannsóknarblaðamennsku
Endurmenntun fréttamanna fer nú þegar fram á stofnunum í Björgvin og Árósum og hjá JMG eru einnig uppi hugmyndir um slíkt. Miðstöðin gæti tryggt samhæfingu, þróun aðferða og miðlun reynslu um námskeiðin.
- Styrkir og ritstjórn verkefna
Fjármagn, hæfni og reynslu af ástundun rannsóknarblaðamennsku er síður að finna á ritstjórnnum stað- og svæðisbundinna miðla. Að bjóða upp á sérhæfða aðstoð sérfræðinga við tiltekin verkefni, bæði með minni fjárstyrkjum og með þjálfun fyrir stjórnendur. Markhópurinn eru fréttamenn frá öllum norrænu löndunum ásamt Færeyjum, Grænlandi og Álandseyjum.
- Efla menntun fréttamanna framtíðar
Allar þessar stofnanir mennta einnig fréttamenn framtíðarinnar. Norræn miðstöð fyrir rannsóknarblaðamennsku mun skapa forsendur fyrir fastmótaðra sambandi milli sérfræðinga á sviði rannsóknarblaðamennsku og nemanda í blaðamennsku og veita nemendum bæði sérþekkingu og tengslanet innan greinarinnar.
- Skemmri rannsóknarverkefni
Rannsóknarblaðamennska er tiltölulega órannsakað svið en mikil þörf er á að auka þekkingu á rannsóknarblaðamennsku hvað varðar starfsskilyrði, þátttakendur, aðferðir o.s.frv., ekki síst á Norðurlöndum.



- Málstofa annað hvert ár til að skapa vettvang fyrir ýmsa aðila á þessu sviði
Miðstöðin skipuleggur annað hvert ár málstofu fyrir fræðimenn, fréttamenn, stjórnendur, nemendur o.fl. Markmiðið er að miðla reynslu á Norðurlöndum, efla þekkingu og skapa tengslanet/mynda tengsl.

Talið er að Norræn miðstöð fyrir rannsóknarblaðamennsku myndi þurfa tvö stöðugildi sem yrði skipt niður á stofnanirnar þrjár, ásamt fjármagni til að skipuleggja tvær málstofur, fjármagn til styrkja, 3-4 minni háttar rannsóknarverkefna og fjármagn til að bjóða gestakennurum á námskeið og námsbrautir.

Upplýsingar um stofnanirnar þrjár

Rannsóknarblaðamenskumiðstöðin Senter for undersøkende journalistikk, SUJO, við háskólann í Björgvin er sú eina sinnar tegundar á Norðurlöndum, framlag hennar yrðu styrkir og verkefnisstjórnun rannsóknarblaðamenskuverkefna, einkum fyrir litlar og staðbundnar ritstjórnir. SUJO er einnig með meistaranám í rannsóknarblaðamennsku. Miðstöðin skipuleggur sérsniðna endurmenntun í rannsóknaraðferðum fyrir blaðamenn og ritstjóra, og býður einnig upp á náms- og dvalarstyrki fyrir blaðamenn. SUJO var stofnað í árslok 2017 og starfar náið með norskum fjölmiðlum. Frá upphafi hefur miðstöðin átt þátt í 14 rannsóknarverkefnum norskra fjölmiðla, og haldið 20 vinnustofur á ritstjórnnum svæðismiðla.

Blaðamanna- og fjölmiðladeildin, Institutionen för journalistik, medier och kommunikation (JMG), við háskólann í Gautaborg er ein af fremstu stofnunum í Svíþjóð sem sinna menntun blaðamanna og fjölmiðlarannsóknnum. Námið þar hefur í yfir 15 ár einkennst af ríkri áherslu á rannsóknarblaðamennsku. 2016 byrjaði þar alþjóðlegt meistaranám í rannsóknarblaðamennsku. Rannsóknir JMG beinast fyrst og fremst að blaðamennsku, pólitískri upplýsingastarfsemi, og upplýsingamiðlun á áfallatímum í nánu samstarfi við Norrænu gagnamiðstöðina um fjölmiðlarannsóknir (Nordicom) en hún hefur aðsetur við háskólann í Gautaborg.

Norræna blaðamannamiðstöðin, Nordisk Journalistcenter (NJC), í Árósum var sett á stofn árið 1957 og er tengd Fjölmiðla- og blaðamannaskóla Danmerkur, Danmarks Medie- og Journalistuddannelse. NJC sinnir endurmenntun blaðamanna og stendur að námskeiðum og tengslanetum fyrir blaðamenn alls staðar að á Norðurlöndum. Starfsemin grundvallast á sameiginlegum norrænum gildum og öflugri hefð í fjölmiðlun í almannapjónustu með áherslu á rannsakandi, gagnrýna og trúverðuga blaðamennsku.

Stofnanirnar þrjár hafa byggt upp tengsl m.a. við Media City Bergen, Medier & Demokrati, Svíþjóð, FOJO við Linné-háskólann, Svíþjóð, Stiftelsen för for en Kritisk og Undersøkende Presse, Noregi; Foreningen for Undersøgende Journalistsik, Danmörku; Center for Undersøgende Journalistik, Danmörku; Et spadestik dybere, Danmörku; Kreds 7, Grænlandi; Blaðamannafélag Færeyja; Blaðamannafélag Íslands.



Álit nefndarinnar

Norræna þekkingar- og menningarnefndin styður tillögu flokkahóps jafnaðarmanna um að auka færni norrænna fjölmiðla í rannsóknarblaðamennsku.

Rannsóknarblaðamennska er vaxandi grein á alþjóðavísu hvað tengslaneti og aðferðum viðvíkur. Það er mikilvægt að norrænu löndin taki virkan þátt í því þar sem við höfum margt fram að færa og getum lært margt. Norðurlönd hafa einnig hlutverki að gegna á alþjóðavísu með því að vera áfram fyrirmynd um fjölmiðlafrelsi og þróaða og öflugra blaðamennsku. Að mati nefndarinnar myndi samstarf á þessu sviði gagnast norrænu löndunum til að efla rannsóknarblaðamennsku á smærri ritstjórnnum og efla þannig staðbundið lýðræði. Samstarfið mun einnig stuðla að aukinni þekkingu um rannsóknarblaðamennsku og aðferðir hennar, ásamt því að skapa tengsl á milli fólks, fréttaveitna og stofnana.

Tillagan er í anda þess markmiðs formennskulandsins Íslands að berjast gegn upplýsingaóreiðu og falsfréttum. Tillagan stuðlar einnig að því að uppfylla heimsmarkmið 16.10 um sjálfbæra þróun: Að tryggja almennan aðgang að upplýsingum og verja grundvallarréttindi, í samræmi við landslög og alþjóðasamninga.

Kaupmannahöfn, 28. janúar 2020

<i>Anna Kolbrún Árnadóttir (Mífl)</i>	<i>Kjell-Arne Ottosson (KD)</i>
<i>Camilla Gunell (ÅSD)</i>	<i>Lars Mejern Larsson (S)</i>
<i>Daniel Riazat (V)</i>	<i>Mikko Kinnunen (cent)</i>
<i>Heidi Viljanen (sd)</i>	<i>Simon Holmström (HI)</i>
<i>Jouni Ovaska (cent)</i>	<i>Veronika Honkasalo (vänst)</i>

Fyrirvari

Flokkahópur hægrimanna, Norrænt frelsi og norski Framfaraflokkurinn gerðu fyrirvara við ákvörðunina þar sem talið var óljóst hvernig fjármögnun og verkaskiptingu væri háttað og einnig í hverju norrænt notagildi tillögunnar fælist.

Flokkahópur hægrimanna, Norrænt frelsi og Framfaraflokkurinn leggja til að

Norðurlandaráð aðhafist ekki frekar vegna þingmannatillögu A 1814/kultur)

Kaupmannahöfn, 28. janúar 2020

<i>Angelika Bengtsson (SD)</i>	<i>Tor André Johnsen (FrP)</i>
<i>Lars Püß (M)</i>	<i>Vilhelm Junnila (saf)</i>
<i>Norunn Tveiten Benestad (H)</i>	